

## Skólaráð Naustaskóla

11. fundur ársins 2012 þann 7. nóvember 2012

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Fanney Pétursdóttir, Vaka Óttarsdóttir, (Áshildur Hlín Valtýsdóttir hluta fundarins).

Fulltrúar starfsmanna: Yrsa Hörn Helgadóttir, Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

### Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Starfsáætlun / skólanámskrá.** Fyrir fundinn höfðu skólaráðsfulltrúar kynnt sér starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2012-2013. Rætt um ýmsa punkta úr plagginu:
  - a. **Stjórnunarhlutfall.** Spurt hvort kominn sé tími til að stækka stjórnunarteymi skólans. Úthlutaður stjórnunarkvóti hefur að hluta til verið nýttur til að stækka stöðu námsráðgjafa og hafa henni verið falin verkefni auk hefðbundinna starfa. Hluti stjórnunarkvótans hefur síðan verið nýttur í kennslu. Fyrir næsta haust þarf að skoða hvort kominn sé tími til að endurskoða þetta fyrirkomulag.
  - b. **Fundaplan skólaráðs.** Ábending um að oftast sé þörf á að taka fyrir og ræða námsmat og samstarf heimila og skóla.
  - c. **Viðtöl.** Ábending um að það vanti stundum eftirfylgd til að fylgja eftir viðtölum að hausti.
  - d. **Heimavinna.** Sumum fulltrúum finnst kaflinn um heimavinnu ekki nægilega skýr.
  - e. **Námsmat.** Ábending um að kaflann um námsmat þurfi að endurskoða, ekki síst með tilliti til nýrrar aðalnámskrár.
  - f. **Trúnaðargögn.** Þörf er á skráðum reglum um meðferð trúnaðargagna innan skólans.
  - g. **Fjárhagsáætlun.** Ekki er neitt í starfsáætluninni um fjármál skólans.
  - h. **Markmið í náminu.** Rætt um samfellu í náminu og upplýsingar til foreldra. Þörf er á að kennsluáætlanir séu aðgengilegar fyrir foreldra. Einnig eru uppi hugmyndir um að t.d. næsta haust muni hvert teymi útbúa sínar eigin starfsáætlanir innan þess ramma sem starfsáætlun skólans gefur.
  - i. **Eineltisáætlun.** Þykir full ítarleg í starfsáætluninni, þyrfti að einfalda hana en hafa ítarlegri útgáfu í starfsmannahandbók og á heimasíðu.
  - j. **Hafragrautur.** Fyrirspurn um hafragraut fyrir nemendur að morgni. Skólastjóri hefur ekki treyst sér til að stíga það skref enn vegna efasemda um að mönnun í eldhúsi ráði við fleiri verkefni.

Skólastjóri tekur athugasemdir til meðferðar, í nokkrum tilfellum verða gerðar breytingar á starfsáætluninni en í öðrum tilfellum verða athugasemdir hafðar til hliðsjónar við gerð starfsáætlunar næsta árs.

2. **Fjárhagsáætlun.** Stuttlega rætt um vinnu við fjárhagsáætlun skólans fyrir næsta ár. Skólastjóri er að þrýsta á um að fjármunir og stöðugildi aukist í samræmi við stækkun skólans.

3. **Samræmd próf** – niðurstöður. Kynntar niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk. Umræður aðallega um niðurstöðuna í 4. bekk þar sem útkoman var slök. Ýmsar vangaveltur og umræður um orsakir. Eftir er að rýna betur í tölurnar en að því loknu er áformað að funda með foreldrum 4. bekkjar.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð